

## **I. Kafli – Lánshæft nám**

### **1.1. Almenn.**

Sjóðurinn veitir námslán til framhaldsnáms við viðurkennda skóla eða menntastofnanir sem veita æðri menntun er leiðir til prófgráðu á háskólastigi. Sjóðnum er heimilt að veita námslán til sérnáms.

Nám telst lánshæft ef það er skipulagt af skóla sem fullt nám, 60 ECTS-einingar á hverju skólaári eða a.m.k. 30 ECTS-einingar á hverju misseri í þeim tilvikum þegar námsskipulagið nær ekki yfir heilt skólaár.

Heimilt er að veita einungis skólagjaldalán til náms sem ekki er skipulagt sem 60 ECTS-eininga nám á skólaárinu, sbr. 2. m.gr. Námið verður þó að vera skipulagt sem a.m.k. 45 ECTS-eininga nám á hverju námsári, þ.e. 75% af fullu námi, sbr. gr. 2.1, þó aldrei á lengri tíma en 12 mánuðum.

Lán er ekki veitt til náms sem er liður í launuðu starfi samkvæmt ráðningarsamningi. Þetta gildir m.a. um launað framhaldsnám lækna.

Lán er ekki veitt til undirbúningsnáms né heldur til náms sem er framhald af doktorsprófi eða sambærilegu prófi.

Skilyrði til aðstoðar frá sjóðnum er að viðkomandi sé fjárráða.

Hafi námsmaður fullnýtt svigrúm sitt til lána á ákveðinni námsbraut eða ákveðnu skólastigi, sbr. gr. 2.1., telst frekara nám á viðkomandi námsbraut/skólastigi ekki lánshæft.

### **1.2. Lánshæft nám á Íslandi.**

#### **1.2.1. Á háskólastigi.**

Nám á háskólastigi er lánshæft og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Nám á háskólastigi í eftirtöldum skólum er lánshæft:

Háskóli Íslands  
Háskólinn á Akureyri  
Háskólinn á Bifröst  
Háskólinn á Hólum  
Háskólinn í Reykjavík  
Landbúnaðarháskólinn  
Listaháskóli Íslands

#### **1.2.2. Sérnám á Íslandi.**

Nám í fjölbrauta- og menntaskólum og öðrum skólum sem bjóða upp á nám sem er liður í undirbúningi til stúdentsprófs eða sambærilegs prófs, er ekki lánshæft skv. þessari grein.

Lánshæft sérnám á Íslandi er löggilt iðnnám og annað a.m.k. eins árs starfsnám á framhaldsskólastigi, samþykkt af menntamálaráðuneyti, skipulagt af viðkomandi starfsgreinaráði, sem ekki er launað skv. kjarasamningi umfram grunnframfærslu á Íslandi, sbr. gr. 3.1.1. og 3.2. Námið er lánshæft þann tíma sem það er kennt í skóla að undanskildu fyrsta eða fyrstu tveimur misserunum, sbr. 3. mgr., ef hægt er að leggja stund á það beint eftir grunnskólapróf. Ef krafist er aðfaranáms á framhaldsskólastigi er aðfaranámið (fornámið) einnig ólánshæft. Að meðtöldum launuðum starfsnámstíma er námið að hámarki lánshæft 75% af heildartíma námsins.

Ef sérnám beint eftir grunnskólapróf er skipulagt sem fimm missera nám eða styttra í skóla er það ólánshæft fyrsta misserið, en annars tvö fyrstu misserin (6–8 missera nám).

Skilyrði láns vegna náms á frumgreinasviði Háskólans í Reykjavík, í frumgreinadeild Háskólans á Bifröst, háskólabrú Keilis og frumgreinasviði Háskólaseturs Vestfjarða er að námsmaður hafi áður lokið lánshæfu starfsnámi, þ.e. burtfararprófi/sveinsprófi úr skóla, eða hafi jafngilda reynslu úr atvinnulífínu, þ.e. starfsreynslu sem samsvarar fullri atvinnuþátttöku í a.m.k. fimm ár.

Nánar er gerð grein fyrir lánshæfu sérnámi á Íslandi í fylgiskjali III.

### **1.2.3. Réttindi erlendra námsmanna.**

Námsmenn frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda lánshæft nám hérlendis, njóta námsaðstoðar til jafns við íslenska námsmenn enda hljóti þeir ekki námsaðstoð frá heimalandi sínu sbr. samkomulag milli Norðurlanda um þessi efni eins og það er á hverjum tíma. Heimilt er að láta þetta ákvæði taka til einstakra annarra erlendra ríkisborgara, njóti íslenskir námsmenn sambærilegra réttinda í heimalandi þeirra.

Erlendir ríkisborgarar teljast fá lánsrétt eins og íslenskir námsmenn á þeirri önn sem samþykkt er að veita þeim ríkisborgararétt.

Ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) sem hafa búsetu hérlendis vegna starfs síns, fjölskyldur þeirra og aðrir sem eru eða hafa verið á þeirra framfæri, eiga rétt á námslánum eins og íslenskir námsmenn.

## **1.3. Lánshæft nám í útlöndum.**

### **1.3.1. Háskólanám.**

Lánað er til framhaldsnáms við viðurkenndar stofnanir erlendis, sem gera sambærilegar kröfur til nemenda og gerðar eru í háskólanámi hérlendis, sjá þó ákvæði gr. 4.8. um lán vegna skólagjalda.

### **1.3.2. Sérnám.**

Heimilt er að veita lán til sérnáms erlendis. Lánshæfi er háð því að um sé að ræða a.m.k. eins árs skipulagt nám sem talist getur nægilega veigamikið, að því er varðar eðli þess,

uppbyggingu og starfsréttindi, að mati stjórnar sjóðsins. Ekki er lánað til starfsnáms sem er launað skv. kjarasamningi umfram grunnframfærslu, sbr. gr. 3.1.2 og 3.2.

### **1.3.3. Einkanám í tónlist.**

Skilyrði láns til einkanáms í tónlist er að umsækjandi hafi lokið framhaldsprófi í tónlistarnámi skv. aðalnámskrá tónlistarskóla á Íslandi eða viðurkenndu háskólaprófi í tónlist erlendis, t.d. bachelor prófi í Bandaríkjunum eða sambærilegu prófi. Hámarksnámsstími sem lánað er til einkanáms er allt að þremur námsárum eða 180 ECTS-einingum, sbr. þó gr. 2.3.4.

Umsækjandi þarf að leggja fram upplýsingar um nafn og stöðu kennara, viðfangsefni, námsfyrirkomulag, tónleika ásamt efnisskrám og staðfestingu kennara.

### **1.3.4. Tungumálanám sem undirbúningsnám.**

Heimilt er að veita lán til tungumálanáms við útlendingadeildir háskóla ef það er undirbúningur undir nám í landi þar sem annað tungumál en enska eða norðurlandamál annað en finnska er talað. Heimilt er að líta á undirbúningsnám í tungumálum sem nám á framhaldsháskólastigi, sbr. gr. 2.3.3. hafi námsmaður lokið grunnháskólanámi og hyggist stunda framhaldsháskólanám í sömu grein.

Ef námsmaður hefur áður fengið lán til að stunda nám í viðkomandi tungumáli er ekki veitt lán til undirbúningsmálanáms.

Hámarksnámsstími, sem veitt er lán til skv. þessari grein, fer eftir viðkomandi tungumáli og er á bilinu hálf til eitt og hálf námsár og er nánar tiltekinn í fylgiskjali II.

Ef lánþegi skiptir um námsland að loknu tungumálanámi er honum synjað um aðstoð jafn lengi og hann naut aðstoðar í því námi. Fáir námsmaður tungumálanámið metið til styttingar á nýju námi kemur það til styttingar á þeim tíma sem námsmaður á ekki rétt á aðstoð.

Lánshæfi undirbúningsnáms í tungumálum er háð því að um sé að ræða a.m.k. tveggja mánaða skipulagt nám sem talist getur nægjanlega veigamikilið að því er varðar eðli og uppbyggingu að mati stjórnar sjóðsins (a.m.k. 15 kennslustundir á viku). Einungis er veitt lán einu sinni til undirbúningsnáms í tungumálum.

Áður en lán vegna undirbúningsnáms í tungumálum er afgreitt að fullu þarf að liggja fyrir staðfesting á inngöngu í fagnám.

### **1.3.5. Upplýsingar um lánshæft nám erlendis.**

Hjá sjóðnum liggja fyrir upplýsingar um skóla og námsbrautir sem lánað hefur verið til. Ef sótt er um lán í skóla eða námsbraut sem sjóðurinn hefur ekki lánað til þarf stjórn sjóðsins að fjalla um málið. Námsmaður þarf þá að útvega ítarlegar upplýsingar um námið.

## II. Kafli – Námsframvinda

### 2.1. Almenn.

Almennt telst námsmaður í fullu námi ljúki hann 60 ECTS–einingum eða ígildi þeirra á skólaári í einum námsferli (ECTS stendur fyrir „European Credit Transfer and Accumulation System“). Námsmaður sem lýkur fleiri en 60 ECTS-einingum á námsárinu í sama námsferli á rétt á að nýta þær til frekara láns innan ársins, allt að 80 ECTS-einingum, eða flytja þær á síðari námsár í sama námsferli. Nýr námsferill hefst skipti námsmaður um skóla, námsgrein eða námsgráðu.

Hafi námsmaður ekki lokið 90 ECTS-einingum eftir að hafa fengið aðstoð á tveimur námsárum þarf námsmaður að ljúka að lágmarki 22 ECTS-einingum eða ígildi þeirra til að eiga rétt á frekari námslánum. Samsvarandi gildir ef námsmaður hefur ekki lokið 135 ECTS-einingum eftir að hafa fengið aðstoð á þremur námsárum og ef námsmaður hefur ekki lokið 180 ECTS-einingum eftir aðstoð á fjórum námsárum.

Námsframvinda er metin á þeim námsárum sem námsmaður nýtur aðstoðar. Hámarksfjöldi eininga sem lánað er fyrir á einstökum námsbrautum tekur mið af skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins. Einungis er tekið tillit til námskeiða sem nýtast til lokaprófs en metnar einingar úr fyrra námi teljast ekki til námsframvindu.


Heildarsvigrúm til þess að ljúka námi ákveðst af reglum sjóðsins um framvindu náms, sbr. 4. mgr., og leyfilega hámarksnámslengd, sbr. gr. 2.3. Þegar heildarsvigrúm í grunnháskólanámi í bandarískum háskólum er metið er fyrsta árið ekki meðtalið. Námsmaður telst hafa fullnýtt svigrúm sitt þegar hann hefur fengið lán eða frestun á lokun skuldabréfs í þann árafjölda sem heildarsvigrúm gerir ráð fyrir.

#### 2.1.1 Sumartími.

Nám á sumarönn tilheyrir undangengnu námsári. Ljúki námsmaður einingum umfram 60 ECTS á námsári, þá þarf námsmaður að óska sérstaklega eftir viðbótarláni fyrir þeim einingum. Aldrei er þó lánað fyrir fleiri en 80 ECTS á hverju námsári. Til að eiga rétt á sérstöku skólagjaldaláni á sumarönn þarf námsmaður að ljúka a.m.k. 75 ECTS á námsárinu, sbr. gr. 4.8. Námsmaður sem fær lánað fyrir fleiri en 60 ECTS-einingum á skólaárinu telst hafa fengið aðstoð sjóðsins í 1,25 aðstoðarár.

### 2.2. Lánshæfar einingar.

Námsmaður þarf að ljúka í það minnsta 20 ECTS-einingum eða ígildi þeirra í einum námsferli á skólaárinu til að eiga rétt á námsláni. Ljúki námsmaður 20 - 30 ECTS-einingum á hann rétt á láni vegna lokinna eininga þ.e. allt að 30 einingum. Ekki er veitt frekara lán á námsárinu nema námsmaður ljúki 40 ECTS-einingum eða fleiri og á hann þá rétt á láni vegna allra lokinna eininga, allt að 80 ECTS-eininga á námsárinu.



Einungis er lánað einu sinni fyrir hverja lokna einingu nema í námi þar sem fjöldatakmörkanir eru sbr. gr. 2.4.1.

### 2.3. Námslengd.

#### 2.3.1. Hvað telst aðstoðarár?

Námsmaður telst hafa fengið lán í eitt aðstoðarár hafi hann fengið lán fyrir 31 – 60 ECTS-einingum. Lán fyrir 30 ECTS-einingum eða færri á námsárinu telst hálf aðstoðarár og lán fyrir 61-80 ECTS-einingum telst 1,25 aðstoðarár.

Til að fá lán fyrir ECTS-einingum umfram 60 á námsári þarf námsmaður að skila sérstakri umsókn vegna viðbótarnáms eða sumarnáms, sbr. grein 5.1.2.

#### 2.3.2. Fimm ára reglan.

Að uppfylltum skilyrðum um námsframvindu getur námsmaður að hámarki fengið lán í allt að fimm aðstoðarár samanlagt. Þó er heimilt að veita námsmanni undanþágu frá ofangreindu hámarki og veita honum lán í allt að eitt námsár til viðbótar ef eitt eftirfarandi skilyrði er uppfyllt:

- Samanlögð fyrri lán hans hjá sjóðnum nema lægri fjárhæð en 3,0 m.kr.
- Hann hefur áður staðist lokapróf í lánshæfu námi og á ólokið 60 ECTS-einingum eða færri til lokaprófs í öðru lánshæfu námi. Með lokaprófi er átt við próf til staðfestingar starfs- eða háskólagráðu, en ekki undirbúnings-, fornáms- eða frumgreinapróf.
- Hann hefur áður a.m.k. í þrjú aðstoðarár á námstíma fengið undanþágu frá almennum skilyrðum um námsframvindu skv. gr. 2.4.5. vegna örorku eða lesblindu. Heildarsvigrúm til þess að ljúka tiltekinni námsbraut getur þó aldrei verið meira en reglur sjóðsins um framvindu náms gera ráð fyrir sbr. grein 2.1. og 2.2.

### **2.3.3. Tíu ára reglan.**

Leggi námsmaður stund á framhaldsháskólanám er heimilt að veita honum lán umfram það hámark sem tilgreint er í gr. 2.3.2. Samanlagður tími sem námsmaður getur fengið lán er að hámarki 10 aðstoðarár. Með framhaldsháskólanámi er átt við doktors- eða licentiatnám, meistaranám eða sambærilegt nám að loknu þriggja ára háskólanámi skv. skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins. Auk þess er átt við háskólanám eftir þrjú ár skv. skipulagi skóla, á námsbrautum sem eru skipulagðar sem lengra nám en þrjú ár. Í bandarískum háskólum er þó miðað við nám eftir 4 ár. Allt að eins árs starfstengt viðbótarháskólanám, sem ekki lýkur með æðri prófgráðu, t.d. kennslufræði til kennsluréttinda, félagsráðgjöf, listnám og námsráðgjöf, getur talist vera framhaldsháskólanám.

Heildarsvigrúm til þess að ljúka tiltekinni námsbraut getur þó aldrei verið meira en reglur sjóðsins um framvindu náms gera ráð fyrir sbr. gr. 2.1. og 2.2.

### **2.3.4. Einkanám.**

Einkanám, t.d. í söng eða tónlist telst til náms á grunnháskólastigi.

## **2.4. Aukið svigrúm í námi.**

### **2.4.1. Almennt.**

Námsmaður sem lýkur fleiri en 60 ECTS-einingum á námsárinu á rétt á að nýta þær innan ársins eða flytja þær á síðari námsár í sama námsferli. Nýr námsferill hefst skipti námsmaður um skóla, námsgrein eða námsgráðu.

Missi námsmaður rétt til eininga sem hann hafði áður áunnið sér og fengið lán til að ljúka telst hann skulda þann einingafjölda sem hann missti rétt til og skal skuld hans þá dregin frá þeim einingum sem hann lýkur áður en lánsréttur hans er metinn. Einingaskuld sem er orðin meira en tíu ára gömul skal þó ekki meðtalin. Þetta á m.a. við þegar endurtaka þarf nám vegna fjöldatakmarkana sem kveðið er á um í reglugerð viðkomandi skóla, eða vegna þess að námsmaður gerir of langt hlé á námi skv. reglum skóla. Þó er heimilt að veita námsmanni, sem skilað hefur fullnægjandi árangri á fyrsta misseri en ekki komist áfram í námi eingöngu vegna reglna um fjöldatakmarkanir, lán til þess að endurtaka misserið einu sinni.

Heimilt er að bæta við lánsrétti út á að hámarki 20 ECTS-einingar í eftirfarandi tilfellum:

- a) Námsmaður er að ljúka námi og uppfyllir ekki skilyrði um námsframvindu, sbr. gr. 2.2. þar sem lánsréttur hans er minni en 20 ECTS-einingar. Heimilt er að veita honum lán vegna 20 ECTS-eininga, ljúki hann að lágmarki 20 ECTS-einingum á námsárinu. Sama gildir ef lánsréttur námsmanns er á milli 30 og 40 ECTS-eininga, er þá heimilt að veita honum lán vegna 40 ECTS-eininga, ljúki hann að lágmarki 40 ECTS-einingum á námsárinu.
- b) Námsmaður hefur dvalið erlendis sem skiptinemi, (t.d. ERASMUS og NORDPLUS) og fengið námskeiðin metin sem valnámskeið umfram lágmarkseiningafjölda til lokaprófs skv. skipulagi skóla samþykktu af stjórn sjóðsins.

- c) Námsmaður stundar meistara- eða doktorsnám og hefur gert persónubundna námsáætlun um fulla námsframvindu til loka námsins sem yfirstjórn námsgreinar hefur staðfest. Lokaafgreiðsla láns skv. heimild þessari verður ekki nema fyrir liggi staðfesting á að námsmaður hafi uppfyllt öll skilyrði til útskriftar.

#### **2.4.2. Mat á ástundun.**

Heimilt er að veita lán að fengnu ástundunarvottorði ef námsmenn taka einungis próf einu sinni á ári eða eftir lengri tíma. Lán er þá veitt í samræmi við árangur ef námsframvinda er metin í vottorðinu. Heimilt er að veita lán út á 30 ECTS-einingar ef skýrt kemur fram í vottorði að viðkomandi hafi stundað fullt nám. Þegar niðurstaða námsársins liggur fyrir er námsframvindan endurmetin og kunna áður afgreidd lán að vera endurkræf sem ofgreidd lán sbr. gr. 5.7.

Stundi námsmaður nám í skóla þar sem fullt nám á námsárinu er skipulagt sem þrjár annir og námsmaður lýkur 13 – 19 ECTS-einingum á fyrstu önn, er heimilt að veita lán í samræmi við loknar einingar að fengnu ástundunarvottorði vegna næstu annar. Þegar niðurstaða námsársins liggur fyrir er námsframvindan endurmetin og kunna áður afgreidd lán að vera endurkræf sem ofgreidd lán sbr. gr. 5.7.

Sé námsmaður að ljúka námi er ekki heimilt að afgreiða lán að fullu á námsárinu fyrr en staðfesting á námslokum liggi fyrir.

#### **2.4.3. Veikindi.**

Skilyrði fyrir því að námsmaður eigi rétt á auknu svigrúmi skv. þessari grein er að hann hafi áður skilað fullnægjandi árangri í lánshæfu námi eða hann skili fullnægjandi árangri á næsta misseri eftir að hann þarf á svigrúminu að halda.

Heimilt er við mat á námsframvindu að taka tillit til þess ef námsmaður, veikist verulega á námstíma. Er þá heimilt að bæta allt að 5 ECTS-einingum við loknar einingar þannig að lánsréttur verði 20 ECTS-einingar. Veikist námsmaður á seinni hluta annar eða í prófum er heimilt að bæta allt að 20 ECTS-einingum við loknar einingar þannig að lánsréttur verði 20 ECTS-einingar. Hámarkssvigrúm eykst ekki að jafnaði vegna þessa. Undanþága þessi getur einnig átt við ef alvarleg veikindi maka, barns eða foreldra námsmanns hafa kallað á innlögn á sjúkrahús eða sambærilega umönnun og þau raskað verulega högum námsmannsins. Skilyrði fyrir veitingu undanþágu vegna veikinda námsmanns er að námsmaður framvísi læknisvottorði þar sem greinilega komi fram á hvaða tíma vitjað var læknis og á hvaða tímabili námsmaður var óvinnufær vegna veikinda að mati læknis. Skilyrði fyrir veitingu undanþágu vegna veikinda maka, barns eða foreldra er að læknisvottorði sé framvísað þar sem greinilega komi fram hvenær læknis var vitjað, að um veruleg veikindi hafi verið að ræða og hvenær umönnunar var þörf.

Með sambærilegum hætti er heimilt að taka tillit til andláts í nánustu fjölskyldu við mat á námsframvindu. Til nánustu fjölskyldu skv. þessari reglu skulu teljast foreldrar námsmanns og maka, afar og ömmur námsmanns og maka, systkini námsmanns og maka og börn þeirra.

Námsmaður sem hefur fengið undanþágu vegna veikinda en skilað minna en 15 ECTS-einingum á ekki rétt á að tekið sé tillit til veikinda að nýju fyrr en hann hefur skilað námsárangri sem hann vantaði til að ljúka 15 ECTS-einingum.

#### **2.4.4. Barnsburður.**

Almennt skilyrði fyrir því að námsmaður eigi rétt á auknu svigrúmi skv. þessari grein er að hann hafi áður skilað fullnægjandi árangri í lánshæfu námi eða hann skili fullnægjandi árangri á næsta misseri eftir að hann þarf á svigrúminu að halda.

Eignist námsmaður barn á námstíma er heimilt að bæta allt að 15 ECTS-einingum við árangur hans þegar lán til hans er reiknað, en með viðbótinni skal lánið þó ekki vera hærra en sem nemur 20 ECTS-einingum. Hámarkssvigrúm eykst ekki að jafnaði vegna þessa. Námsmanni er heimilt að nýta þetta svigrúm á síðari hluta meðgöngu og fram að 12 mánaða aldri barns. Fæðingarvottorð/læknisvottorð þarf að liggja fyrir í slíku tilviki. Skilyrði þessarar undanþágu er að námsmaður fari með forsjá barns og barnið eigi lögheimili hjá honum eða búi sannanlega hjá honum á námstíma. Samanlagt skal þó viðbótarsvigrúm beggja foreldra vegna einnar fæðingar ekki vera hærra en 15 ECTS-einingar.

#### **2.4.5. Örororka og lesblinda.**

Geti námsmaður vegna örorku sinnar að mati lækna ekki skilað lágmarksárangri skv. reglum sjóðsins, er heimilt að bæta allt að 10 ECTS-einingum á misseri við loknar einingar þannig að lánsréttur verði 20 ECTS-einingar. Heildarsvigrúm í náminu eykst að jafnaði ekki vegna þessa, sbr. þó gr. 2.3.2. Skilyrði fyrir undanþágu skv. þessari grein er að fyrir liggja mat læknis á að læknisfræðileg örorka viðkomandi sé a.m.k. 75%. Sækja þarf sérstaklega um fyrrnefnda undanþágu til stjórnar sjóðsins. Umsókn þarf að fylgja staðfest námsáætlun og læknisvottorð. Ákvæði þessarar greinar á einnig við ef lesblinda (dyslexia) háir námsmanni og hægir óhjákvæmilega á námsframvindu hans samkvæmt mati sérfræðings og skóla.

### **2.5. Lokun skuldabréfs.**

#### **2.5.1. Almennt.**

Skuldabréfi er lokað þegar námsmaður hættir að þiggja lán og er þá miðað við lok síðasta aðstoðartímabils. Telst sá tímapunktur námslok í skilningi laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna og reglugerðar nr. 602/1997 um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

#### **2.5.2. Frestun á lokun skuldabréfs.**

Heimilt er að fresta lokun skuldabréfs ljúki námsmaður lánshæfum námsárangri á næsta námsári eftir að hann þáði síðast aðstoð. Námsmaður skal þá sækja sérstaklega um frestunina og eftir því sem við á gilda sömu reglur um frestun á lokun skuldabréfs eins og gilda um lánsúmsókn og námsframvindu, sbr. II. kafli – Námsframvinda og gr. 5.1.

Ef námsmaður gerir hlé á námi sínu lengur en eitt námsár er ekki heimilt að fresta lokun skuldabréfs og miðast lokun skuldabréfsins þá við lok síðasta aðstoðartímabils fyrir

námshlé. Þegar námsmaður hefur aftur nám að loknu slíku námshléi skal líta á það sem nýtt nám með útgáfu á nýju skuldabréfi.

### **2.5.3. Skilyrðum til útskriftar lokið.**

Eigi námsmaður rétt á frestun á lokun skuldabréfs, sbr. gr. 2.5.2., skal hún teljast við lok þess námstíma sem námsmaðurinn lýkur öllum skilyrðum til að útskrifast. Frestun á útborgun námsláns, t.d. vegna síðbúinna skila á upplýsingum hefur ekki í för með sér frestun á lokun skuldabréfs.

### **2.5.4. Svigrúm til námslána fullnýtt.**

Eigi námsmaður ekki rétt á frekari lánum þar sem hann hefur fullnýtt svigrúm, skal lokun skuldabréfsins miðast við lok síðasta aðstoðartímabils. Heimilt er þó að fresta námslokum um eitt ár hafi námsmaður fullnýtt svigrúm sitt skv. gr. 2.3.2 og 2.3.3 og skili lánshæfum árangri á því námsári.

### **2.5.5. Vafi um lokun skuldabréfs.**

Stjórn sjóðsins ákveður lokun skuldabréfs í vafatilfellum.

## **III. Kafli – Framfærsla og tekjur**

### **3.1. Grunnframfærsla.**

#### **3.1.1. Grunnframfærsla á Íslandi.**

Öll aðstoð til framfærslu á námstíma skólaárið 2009-2010 miðast við grunnframfærslu á Íslandi, sem skilgreind er af sjóðnum. Sú fjárhæð er 100.600 kr. (sjá nánar fylgiskjal I) eða 15.090 kr. fyrir hverja ECTS-einingu sem námsmaður lýkur.

#### **3.1.2. Grunnframfærsla í útlöndum.**

Grunnframfærsla í útlöndum á námstíma skólaárið 2009–2010, sem getur verið mismunandi eftir löndum og borgum, er ákveðið hlutfall af grunnframfærslu á Íslandi. Framfærsla námsmanna erlendis miðast við landið/borgina þar sem skólinn er staðsettur. (Sjá nánar fylgiskjal II).

#### **3.1.3. Framfærsla skiptinema.**

Skiptinemar geta óskað eftir að framfærsla þeirra taki mið af framfærslu í því landi þar sem skiptinámið er stundað. Útreikningur miðast þá við gengi 1. júní 2009.

### **3.2. Framfærsla námsmanns.**

Auk búsetu hafa þær aðstæður sem tilgreindar eru undir gr. 4.2.– 4.6. áhrif á framfærslu námsmanns en framfærsla fjarnámsnema miðast þó alltaf við landið þar sem skólinn er staðsettur. Framfærsla námsmanns hækkar vegna barna sem eru 18 ára eða yngri og á framfæri hans. Lán samkvæmt gr. 4.4. og gr. 4.7. – 4.12. eru til viðbótar lánnum til framfærslu námsmanns. Tekjur geta því komið til frádráttar þessum lánnum samkvæmt ákvæðum gr. 3.3.1.

### **3.3. Tekjur.**

#### **3.3.1. Tekjur.**

Tekjur námsmanns og maka á árinu 2009 eins og þær eru skilgreindar af stjórn sjóðsins, geta haft áhrif á veitta aðstoð á skólaárinu 2009-2010. Stundi námsmaður nám erlendis, eru tekjur hans yfirfærðar í mynt námslands miðað við gengi hinn 1. júní 2009.

10% tekna námsmanns á árinu 2009 koma til frádráttar á námsláni. Í þeim tilfellum þegar veitt eru makalán koma 10% tekna maka á árinu 2009 líka til frádráttar. Frádrætti vegna tekna skal að jafnaði dreift jafnt á 60 ECTS-einingar.

#### **3.3.2. Tekjuáætlun - skattframtal.**

Áður en til þess kemur að veita lán vegna náms á haustmisseri skal námsmaður gera grein fyrir áætluðum tekjum á árinu 2009.

Áður en til þess kemur að veita lán vegna náms á vormisseri skal sjóðnum berast staðfestar skattframtalsupplýsingar vegna tekna á árinu 2009.

#### **3.3.3. Endanlegt tekjutillit.**

Endanlegt tekjutillit á sér stað eftir álagningu skattyfirvalda. Séu tekjur lánþega þá áætlaðar skal sjóðurinn ákvarða honum námsaðstoð í samræmi við áætlunina.

Ákvörðunin er endanleg nema lánþegi geri athugasemd við hana innan þriggja mánaða. Skal þá heimilt að endurskoða hana í samræmi við nýjar tekjuupplýsingar staðfestar af skattyfirvöldum.

#### **3.3.4. Ófullnægjandi tekjuáætlun.**

Stjórn sjóðsins getur breytt ófullnægjandi tekjuáætlun.

### **3.4. Hvað telst til tekna?**

#### **3.4.1. Tekjur á árinu 2009.**

Allar tekjur sem mynda skattstofn á árinu 2009 teljast til tekna við útreikning á láni samkvæmt gr. 3.3.

#### **3.4.2. Námsstyrkir.**

Skattskyldir náms- og rannsóknarstyrkir og kennslulaun, t.d. „teaching assistantship“ og „utbildningsbidrag“ reiknast sem tekjur, sbr. gr. 4.8.

#### **3.4.3. Sérstakir námsstyrkir.**

Styrkir sem veittir eru á vegum NORDPLUS og ERASMUS hafa engin áhrif á lán, enda sæki námsmaður ekki um viðbótarlán vegna þess kostnaðar, sem hann verður fyrir vegna námsins erlendis.

#### **3.4.4. Frádráttur frá tekjum.**

Til frádráttar tekjum koma skólagjöld sem námsmaður fær ekki lánað fyrir skv. gr. 4.8. og föst afborgun námsláns sem til fellur og greidd er á aðstoðartímabilinu.

### **3.5. Upplýsingaskylda námsmanns og maka vegna tekna.**

Með undirritun umsóknar veita námsmaður og maki sjóðnum heimild til að kanna skattframtöl þeirra á þeim tíma sem lán eru veitt eða endurgreiðsla lána stendur yfir. Tekjuupplýsingar skulu gefnar upp skv. beiðni sjóðsins.

## IV. Kafli – Lánaflokkar

### 4.1. Almennar forsendur.

Lán taka almennt mið af aðstæðum, fjölskyldustærð og búsetu, eins og þær eru skráðar í þjóðskrá hinn 1. september ár hvert. Ef aðstæður breytast á skólaárinu eftir 1. september er þó tekið tillit til þess við ákvörðun lána samkvæmt gr. 4.2. – 4.6 og 4.12. Tillit þetta er tvískipt og fer eftir því hvort aðstæður breytast fyrir eða eftir áramót. Þegar sótt er um lán fyrir heilt skólaár (haust og vor) er tillitið 75% af fullu tilliti til hækkunar eða lækkunar á framfærslu fyrir hverja lánshæfa einingu ef breytingin á sér stað fyrir áramót, en annars 25%. Þegar eingöngu er sótt um lán vegna náms að hausti er tillitið 50% af fullu tilliti ef breyting á aðstæðum á sér stað fyrir áramót. Þetta hlutfall gildir einnig þegar eingöngu er sótt um lán vegna náms að vori og breyting á aðstæðum, miðað við skráningu í þjóðskrá 1. janúar, á sér stað eftir áramót. Þegar sótt er um lán vegna sumarnáms (1. júní – 31. ágúst) skal tillit vegna breyttra aðstæðna útfært með sambærilegum hætti og vegna náms á almennu skólaári.

### 4.2. Lán til einhleypra námsmanna.

#### 4.2.1. Námsmenn sem búa í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði.

Framfærsla einhleypis námsmanns er grunnframfærsla en tekjur koma til frádráttar, sbr. gr. 3.3.1 Einhleypur námsmaður, barnlaus hjón eða sambylissfólk, skulu sanna eðlilegar leigugreiðslur með afriti af greiðslumiða til skattyfirvalda eða staðfesta íbúðareign með vottorði frá Fasteignamatí ríkisins/pinglýsingarvottorði.

#### 4.2.2. Námsmenn sem hvorki búa í leiguhúsnæði né eigin húsnæði.

Framfærsla námsmanns sem hvorki býr í leiguhúsnæði né eigin húsnæði er 60% af grunnframfærslu en tekjur koma til frádráttar, sbr. gr. 3.3.1.

#### 4.2.3. Námsmenn sem búa hjá efnalitlum foreldrum/foreldri.

Heimilt er að hækka framfærslu hjá námsmönnum, sem búa hjá efnalitlum foreldrum upp í 100%, ef tekjur hvors foreldris um sig eru undir viðmiðunarmörkum. Viðmiðunarmörk í þessu sambandi svara til einfaldrar framfærslu einstæðs foreldris. Framfærsla einstæðs foreldris miðast við barnafjölda á framfæri þess undir 21 árs aldri að meðtöldum námsmanni.

### 4.3. Lán til einstæðs foreldris.

Framfærsla er grunnframfærsla sem hækkar um 6.782 kr. fyrir hvert barn fyrir hverja ECTS-einingu sem lokið er vegna náms á Íslandi og um sambærilegt hlutfall af grunnframfærslu sé nám stundað í útlöndum, sbr. gr. 3.1. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en tekjur koma til frádráttar, sbr. gr. 3.3.1. Námsmanni er ekki veitt lán sem einstæðu foreldri nema hann fari með forsjá barns og barnið eigi lögheimili hjá honum eða búi sannanlega hjá honum á námstíma, t.d. þegar um sameiginlegt forræði er að ræða.

### 4.4. Lán vegna meðlagsgreiðslna.

Námsmaður getur sótt sérstaklega um viðbótarlán vegna meðlags, sem hann greiðir svo sannanlegt sé. Þegar veitt er lán vegna meðlags, greiðir sjóðurinn meðlag beint til Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Lánað er vegna meðlags á námstíma, 3.150 kr. fyrir

hverja ECTS-einingu sem lokið er eða jafngildi í annarri mynt miðað við gengi 1. júní 2009.

#### **4.5. Lán til námsmanns í hjúskap, staðfestri samvist eða skráðri sambúð.**

Framfærsla námsmanns í hjúskap, staðfestri samvist eða skráðri sambúð er grunnframfærsla sem hækkar fyrir hvert barn námsmanns eða maka ef barnið á lögheimili hjá honum eða býr sannanlega hjá honum á námstíma. Fyrir hvert barn hækkar framfærslan um 3.756 kr. fyrir hverja ECTS-einingu sem lokið er sé nám stundað á Íslandi og um sambærilegt hlutfall af grunnframfærslu sé nám stundað í útlöndum, sbr. gr. 3.1. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en tekjur koma til frádráttar, sbr. gr. 3.3.1. Lán vegna maka er aðeins veitt í vissum undantekningartilvikum samanber gr. 4.6.

Séu báðir aðilar í lánshæfu námi ákvarðast lán til hvors um sig sérstaklega.

#### **4.6. Lán vegna maka.**

Eftirfarandi aðstæður geta leitt til þess að framfærsla námsmanns í hjónabandi/staðfestri samvist/skráðri sambúð hækkar um 50% af grunnframfærslu vegna maka:

- a) Veikindi eða örorka maka skv. læknisvottorði.
- b) Námsmaður og maki hafa langveikt eða fatlað barn á framfæri sínu og maki starfar ekki utan heimilis vegna umönnunar barnsins. Skilyrði er að barnið hafi lögheimili hjá námsmanni og maka og að læknisvottorði sé framvísað.
- c) Námsmaður og maki eru búsett erlendis og hafa barn á framfæri sínu og maki er heimavinnandi.

Ef veitt er lán vegna maka koma tekjur maka til frádráttar á láninu, sbr. gr. 3.1.1.

Ekki er veitt makalán ef maki er sjálfur lánþegi á námsárinu.

#### **4.7. Lán til bóka-, tækja- og efniskaupa.**

Námsmaður á rétt á viðbótarláni vegna bókakaupa. Veitt er 800 kr. á hverja ECTS-einingu sem lokið er sé nám stundað á Íslandi og sambærilegt hlutfall af grunnframfærslu sé nám stundað í útlöndum, sbr. gr. 3.1.

#### **4.8. Lán vegna skólagjalda.**

Viðbótarlán vegna skólagjalda, umfram fenginn óskattskyldan styrk, eru veitt til sérnáms, almenns háskólanáms og framhaldsháskólanáms, sbr. skilgreiningu á framhaldsháskólanámi í gr. 2.3.3., í eitt misseri að loknum 20 ECTS-einingum, í tvö misseri að loknum 40 ECTS-einingum og á sumarmisseri að loknum 75 ECTS-einingum. Ef skólaári er skipt í þrjú tímabil eru veitt skólagjaldalán fyrir einn fjórðung að loknum 20 ECTS-einingum, fyrir tvo fjórðunga að loknum 26 ECTS-einingum, fyrir þrjá fjórðunga að loknum 40 ECTS-einingum og fyrir nám á sumarönn að loknum 75 ECTS-einingum.

Hámark samanlagðra skólagjaldalána miðast við tilgreint hámark í síðasta námslandi. Áður fengin skólagjaldalán eru því ætíð dregin frá hámarki síðasta námslands þegar svigrúm til frekari skólagjaldalána er fundið. Samanlögð lán til námsmanna vegna

skólagjalda á Íslandi skulu aldrei verða hærri en 3.500 þús.kr. og vegna skólagjalda erlendis ákveðið hlutfall af þeirri upphæð, sbr. fylgiskjal II. Ef með þarf skal yfirfæra útreikningsfjárhæð (sbr. gr. 5.2.2.) eldri skólagjaldalána í mynt námslands 2009-2010 miðað við gengi 1. júní 2009. Einungis er veitt lán vegna árlegra skólagjalda umfram 45.000 kr.

Frá og með skólaárinu 2010-2011 verður sjálfsfjármögnun lánþega allt að 30% af lánshæfum skólagjöldum, að lágmarki þó 45.000 kr. Það gildir einungis um þá sem hefja nám í nýjum námsferli á skólaárinu 2010-2011, sbr. skilgreiningu á námsferli í gr. 2.1.

Skólaárið 2009-2010 skal árlegt hámark skólagjaldaláns vegna sérnáms og almenns háskólanáms vera 1/3 af samanlögðu hámarksláni skv. 2. mgr. þessarar greinar

Heimilt er að greiða út lán vegna skólagjalda fyrir eitt misseri við upphaf námstímabils til annarra námsmanna en fyrsta árs nema, fyrir annað misseri að loknum 20 ECTS-einingum og fyrir þriðja misseri að loknum 60 ECTS-einingum. Ef skólaári er skipt í þrjú tímabil er fyrirframgreiðsla heimil með sama hætti vegna annars fjórðungs að loknum 20 ECTS-einingum, vegna þriðja fjórðungs að loknum 26 ECTS-einingum og vegna sumarannar að loknum 60 ECTS-einingum.

#### **4.9. Lán vegna röskunar á stöðu og högum námsmanns.**

Heimilt er að veita námsmanni aukalán sem samsvarar framfærslu fyrir allt að 7 ECTS-einingar að teknu tilliti til fjölskyldustærðar verði ófyrirsjáanleg röskun á stöðu og högum námsmanns og reglur þessar ná ekki til hennar að öðru leyti. Á þetta t.d. við þegar námsmanni verður vegna alvarlegra veikinda, örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að stunda nám sitt að fullnýtttri lánsheimild. Hafa skal hliðsjón af þeim bótum sem námsmaður fær samkvæmt gildandi tryggingalöggjöf.

Heimilt er skv. þessari grein að veita námsmanni sérstakt lán vegna aukaferðar ef hann þarf skyndilega að fara heim vegna alvarlegra veikinda eða andláts í nánustu fjölskyldu. Nauðsynlegt er að leggja fram nákvæmar upplýsingar um ástæður ferðar ásamt viðeigandi læknisvottorði eða dánarvottorði. Til nánustu fjölskyldu skulu teljast foreldrar námsmanns og maka, afar og ömmur námsmanns og maka, systkini námsmanns og maka og börn þeirra. Ef slíkt aukalán er veitt greiðist það út með framfærsluláni sbr. gr. 5.2.1.

#### **4.10. Lán vegna sjúkratrygginga.**

Námsmenn sem greiða háar sjúkratryggingar geta sótt um að þeim kostnaði sé mætt. Við mat á hæfilegum kostnaði vegna sjúkratrygginga er höfð hliðsjón af upplýsingum frá íslensku tryggingafélagunum. Ef veitt er lán vegna sjúkratrygginga er það einungis fyrir þeim hluta sem er umfram 5% af grunnframfærslu að teknu tilliti til fjölskyldustærðar og búsetu. Heimilt er að veita aukalán vegna sjúkrakostnaðar erlendis sem námsmaður hefur að hluta til fengið endurgreiddan hjá Tryggingastofnun ríkisins. Við afgreiðslu slíkrar umsóknar skal tekið tillit til þess hvort námsmaður hafi keypt eðlilegar sjúkratryggingar. Heimilt er að veita lán til greiðslu hæfilegs kostnaðar vegna mæðraskoðunar og ungbarnaeftirlits erlendis ef ljóst er að hvorki tryggingaraðili námsmannsins né

viðkomandi sveitarfélag á Íslandi taki þátt í greiðslu kostnaðar. Einnig er heimilt á námstíma að veita lán til greiðslu ferðakostnaðar ef barnshafandi námsmaður eða maki námsmanns erlendis kýs, vegna óhóflegs kostnaðar erlendis, að fæða barn á Íslandi. Óheimilt er að taka tillit til sjúkrakostnaðar sem Tryggingastofnun ríkisins hefur synjað að greiða.

#### **4.11. Vaxtastyrkur.**

Við útborgun lána fyrir framfærslu- og bókakostnaði skal greiða 400 kr. í vaxtastyrk fyrir hverja ECTS-einingu sem lokið er. Komi í ljós við endurútreikning námsláns að loknu námsári að námsmanni hafi verið úthlutað of háum vaxtastyrk, er það leiðrétt með þeim hætti að ofgreiddur styrkur er færður sem lán á námsárinu.

#### **4.12. Lán vegna ferðakostnaðar.**

##### **4.12.1. Ferðakostnaður námsmanns, maka og barna.**

Lán vegna ferðakostnaðar miðast við ákveðna upphæð, sem er mismunandi eftir námslandi og námssvæði. Ef maki sækir einnig um lán á námsárinu á námsmaður ekki rétt á viðbótarláni vegna ferða maka og lán vegna ferða barna miðast þá við helming þeirra upphæða sem tilgreindar eru í gr. 4.12.2. og gr. 4.12.3.

##### **4.12.2. Lán vegna ferða til námsstaðar erlendis.**

Ferðalán vegna náms erlendis ákvarðast þannig þegar sótt er um námslán á skólaárinu: Vegna hvers einstaklings er ferðalán til námsmanna og maka í Danmörku, Noregi og Svíþjóð 35.000 krónur á mann, en 40.500 krónur á einstakling vegna námsmanna og maka annars staðar í Evrópu, 52.000 krónur í Norður Ameríku og 92.000 krónur á einstakling vegna námsmanns og maka annarsstaðar. Lán vegna ferða barna miðast við 10% af ofangreindum fjárhæðum ef barn er yngra en tveggja ára, 75% vegna barna á aldrinum tveggja ára til tólf ára og 100% vegna barna sem eru eldri en tólf ára. Ekki er skilyrði að menn framvísi gögnum vegna ferðar.

Ofangreindar fjárhæðir eru umreiknaðar í mynt námslands miðað við gengi 1. júní 2009.

##### **4.12.3. Lán vegna ferða til námsstaðar á Íslandi.**

Ferðalán vegna náms á Íslandi ákvarðast þannig þegar sótt er um námslán á skólaárinu: Vegna einstaklings og maka 18.000 krónur, en lán vegna ferða barna miðast við 10% af ofangreindri upphæð ef barn er yngra en tveggja ára, 50% vegna barna á aldrinum tveggja ára til tólf ára og 100% vegna barna sem eru eldri en tólf ára. Skilyrði þess að námsmenn á Íslandi eigi kost á ferðaláni er að þeir eigi lögheimili a.m.k. 100 km frá höfuðborgarsvæðinu eða öðru skólasvæði. Ekki er skilyrði að menn framvísi gögnum vegna ferðar.

##### **4.12.4. Greiðslutími ferðalána.**

Ferðalán greiðist út með framfærsluláni að loknum 20 ECTS-einingum.

## V. Kafli – Umsóknir og útborgun lána

### 5.1. Umsóknir um námslán.

#### 5.1.1. Umsóknareyðublöð.

Sótt er um námslán á sérstökum rafrænum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á vefnum ([www.lin.is](http://www.lin.is)). Umsóknareyðublöðin fást einnig á skrifstofu sjóðsins.

#### 5.1.2. Umsóknir og gildistími.

Sækja skal sérstaklega um námslán fyrir hvert aðstoðarar. Umsókn verður að hafa borist sjóðnum fyrir:

15. janúar 2010 vegna náms haustið 2009;

31. maí 2010 vegna náms vorið 2010;

15. ágúst 2010 vegna viðbótarnáms eða náms sumarið 2010. (Með viðbótarnámi er átt við nám umfram 60 ECTS-einingar á námsári).

#### 5.1.3. Fylgiskjöl og skilafrestur.

Tilkynna ber námsmanni tímanlega um gögn, sem honum ber að skila, þannig að honum gefist nægur tími til að senda þau til sjóðsins. Fylgiskjöl vegna umsóknar eiga að berast sjóðnum eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að þeirra var óskað. Að öðrum kosti er heimilt að líta svo á að námsmaður sé fallinn frá umsókn. Hið sama gildir um prófvottorð, þeim skal skilað eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að próftímabili lýkur, að öðrum kosti er heimilt að líta svo á að námsmaður hafi fallið frá umsókn um lán á viðkomandi tímabili.

#### 5.1.4. Aðstoð.

Starfsmenn og samtök námsmanna sem tilnefna fulltrúa í stjórn sjóðsins veita aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið sjóðsins.

#### 5.1.5. Afgreiðsla umsókna og annarra erinda.

Ákvarðanir stjórnar varðandi erindi sem berast sjóðnum skulu tilkynntar skriflega, nema það sé augljóslega óþarft. Ákvörðun er bindandi eftir að hún er komin til aðila.

Námsmanni eða öðrum þeim sem í hlut á er heimilt að fá ákvörðun rökstudda, samanber gr. 5.10.3., mál endurupptekið, samanber gr. 5.10.4. eða getur óskað eftir úrskurði málskotsnefndar, samanber gr. 5.10.5. Um málsmeðferð að öðru leyti fer eftir stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993.

#### 5.1.6. Lánsáætlun.

Á grundvelli upplýsinga námsmanns m.a. um tekjur og fjölskylduhagi fær hann útfyllta lánsáætlun frá sjóðnum. Hún gefur kost á tímabundinni fyrirgreiðslu hjá viðskiptabanka, sbr. gr. 5.2.4. Eftir yfirferð lánsáætlunar ber námsmanni að láta sjóðinn vita ef þær upplýsingar sem lagðar eru til grundvallar reynast rangar.

#### 5.1.7. Umboðsmaður.

Námsmaður erlendis skal hafa umboðsmann á Íslandi sem m.a. hefur umboð til undirritunar skuldabréfs fyrir hans hönd.

### **5.1.8. Skilyrði sem lánþegar þurfa að uppfylla.**

Skilyrði, sem lánþegar þurfa m.a. að uppfylla, eru að þeir séu ekki í vanskilum við sjóðinn þegar sótt er um nýtt lán og bú þeirra sé ekki til gjaldþrotameðferðar eða að þeir teljist af öðrum ástæðum bersýnilega ótryggir lántakendur. Teljist námsmaður ótryggur lántakandi skv. ofangreindu getur hann sótt um undanþágu frá þessari grein enda sýni hann fram á annað, eða að hann leggi fram aðrar ábyrgðir sem sjóðurinn telur viðunandi.

## **5.2. Útborgun námslána.**

### **5.2.1. Útborgun námslána.**

Útborgun framfærslu-, bóka- og ferðalána hefst að loknum 20-30 ECTS-einingum í byrjun janúar 2010 og að loknum 40 eða fleiri ECTS-einingum í byrjun apríl 2010. Skilyrði er að námsmaður hafi lagt fram gögn um námsárangur sinn, tekjuáætlun eða skattframtal og aðrar þær upplýsingar sem máli skipta. Lán greiðast inn á reikning í viðskiptabanka eða sparisjóði á Íslandi sem skal vera á nafni námsmanns.

Heimilt er að greiða út lán á öðrum tímum enda liggi fyrir að námsmaður hafi uppfyllt kröfur sjóðsins um afköst og árangur í námi áður en sjóðurinn innir af hendi greiðslu láns vegna viðkomandi annar, misseris eða skyldunámskeiða. Lánveitingum vegna námsársins 2009-2010 skal þó lokið fyrir 1. desember 2010, eftir það eru ekki afgreidd lán vegna námsársins.

Skilyrði þess að námsmaður fái lán vegna skólagjalda sbr. gr. 4.8. greitt út fyrirfram er að hann hafi áður lokið lánshæfum námsárangri.

Skili námsmaður ekki tilskildum lágmarksárangri eftir viðkomandi skólaár eru fyrirframgreidd lán vegna skólagjalda endurkræf skv. reglum um ofgreidd lán.

### **5.2.2. Útreikningur lána erlendis.**

Námslán eru að jafnaði reiknuð út í mynt viðkomandi námslands. Tekjum og styrkjum er breytt í mynt námslands miðað við gengi 1. júní 2009. Þegar lán eða hlutar þess koma til útborgunar er upphæðinni sem greiða á út breytt í íslenskar krónur miðað við daggengi við útborgun.

### **5.2.3. Staðfesting á tekjum.**

Námsmenn skulu skila staðfestingu eða breytingu á fyrri áætlun vegna tekna á árinu 2009 áður en lán er greitt út. Ef verulegur munur reynist vera á þeirri áætlun og tekjum námsmanns og maka er heimilt að gjaldfella lánið.

### **5.2.4. Fyrirgreiðsla banka og sparisjóða.**

Stjórn sjóðsins hefur gert samkomulag við viðskiptabanka og sparisjóði um að þeir veiti námsmönnum tímabundna fyrirgreiðslu innan skólaárs, ef þess er óskað, að uppfylltum venjulegum skilyrðum viðkomandi fjármálastofnunar og að fenginni lánsáætlun námsmanns.

### **5.2.5. Skuldabréf og bankareikningur.**

Útborgun lána er háð því skilyrði að lánþegi hafi undirritað skuldabréf og tryggt lánið með sjálfskuldarábyrgðarmönnum eða veði. Lánið greiðist inn á reikning viðkomandi lánþega sem skal vera á hans eigin nafni í banka eða sparisjóði.

## **5.3. Um ábyrgðir á námslánum. Réttindi og skyldur ábyrgðarmanna.**

### **5.3.1. Eðli sjálfskuldarábyrgðar.**

Þeir sem gerast ábyrgðarmenn að námsláni takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á námsskuldinni en slík ábyrgð gerir ábyrgðarmanni skylt að greiða skuldina sem ábyrgð er fyrir strax og í ljós kemur að lántakandi hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar um að greiða af láninu.

Sjóðurinn getur innheimt ábyrgðina beint hjá ábyrgðarmanni og þarf ekki að gera sérstakar tilraunir til að fá skuldina greidda hjá lántakanda. Þó getur sjóðurinn ekki gengið að ábyrgðarmanni fyrr en staðreynt hefur verið að lántakandi hafi ekki greitt af láninu á gjalddaga.

Sjóðurinn getur látið gera aðför (fjárnám) til fullnustu skuldarinnar hjá sjálfskuldarábyrgðarmanni án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Sjálfskuldarábyrgð skal ætíð bundin við ákveðna hámarksfjárhæð sem breytist í samræmi við vísitölu neysluverðs en auk þess tekur sjálfskuldarábyrgðin til greiðslu vaxta, dráttarvaxta og alls kostnaðar sem leiða kann af vanskilum skuldarinnar þar með talin réttargjöld og innheimtuþóknun.

Tilnefnd ábyrgðarfjárhæð ábyrgðarmanns miðast við tilgreinda vísitölu og skal að jafnaði ekki vera hærrí en 7,0 m.kr. Ábyrgðarmanni er þó heimilt að veita ábyrgð umfram framangreinda hámarksábyrgð vegna láns sem námsmanni reiknast á því námsári sem uppreiknuð ábyrgð hans nær 7,0 m.kr. Lágmarksábyrgð er 100 þús.kr.

### **5.3.2. Skilyrði sem ábyrgðarmenn þurfa að uppfylla.**

Ábyrgðarmaður staðfestir með undirskrift sinni á skuldabréf eða ábyrgðaryfirlýsingu að hann hafi kynnt sér ákvæði skuldabréfsins.

Ábyrgðarmenn verða að vera orðnir 18 ára og fjárráða, en enginn hámarksaldur gildir um þá. Ábyrgð lögpersónu í stað einstaklings er háð samþykki stjórnar sjóðsins og að um sé að ræða opinbera stofnun eða fjármálastofnun sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með. Í þeim tilvikum skal lágmarksábyrgðartími vera 10 ár eftir fyrsta gjalddaga eða 15 ár eftir að ábyrgð er veitt. Sjóðnum skal þá heimilt, með samþykki lánþega, að innheimta gjald fyrir ábyrgðaraðilann við útborgun lánsins. Að öðru leyti gilda um ábyrgð lögpersónu sömu reglur og almennt gilda um sjálfskuldarábyrgð einstaklinga.

Einn ábyrgðarmaður skal að lágmarki takast á hendur sjálfskuldarábyrgð fyrir lántakanda.

Ábyrgðarmenn skulu að jafnaði vera íslenskir ríkisborgarar með lögheimili á Íslandi.

Óheimilt er að samþykkja þá menn sem ábyrgðarmenn fyrir námsláni sem eru á vanskilaskrá eða teljast af öðrum ástæðum bersýnilega ótryggir ábyrgðarmenn að mati sjóðsins.

Breytist staða ábyrgðarmanns þannig að hann telst ekki lengur uppfylla ofangreind skilyrði þá skal lántakandi útvega nýjan ábyrgðarmann fyrir námsláni sínu áður en hann fær frekari lán afgreidd hjá sjóðnum. Þá ábyrgist hinn nýi ábyrgðarmaður allt það lán sem lántakandi kann að fá til viðbótar. Eldri ábyrgð fellur ekki úr gildi nema að henni sé sagt upp og ný sett í staðinn með samþykki sjóðsins.

### **5.3.3. Réttarstaða ábyrgðarmanna og endurkröfur.**

Ábyrgðarmenn bera óskipta sameiginlega (solidaríska) ábyrgð gagnvart sjóðnum, en þeir bera jafna ábyrgð sín á milli allt að tilteknu hámarki hvers og eins. Sá ábyrgðarmaður sem greiðir skuldina getur því bæði átt endurkröfurétt á hendur lántakanda og öðrum ábyrgðarmönnum.

Verði vanskil á námskuld getur ábyrgðarmaður greitt upp sinn ábyrgðarhluta ásamt vöxtum og kostnaði.

Ábyrgðarmaður getur neytt þeirra réttinda sem lántakandi á skv. skuldabréfinu og haldið láninu í skilum. Í því sambandi getur hann óskað eftir því við sjóðinn að greiðslunni skuli ráðstafað til lækkunar á þeim hluta heildarskuldarinnar sem hann ábyrgðist.

Ákvæði skuldabréfs um undanþágur frá endurgreiðslu gilda ekki gagnvart ábyrgðarmanni sem ábyrgð hefur fallið á og tekið hefur að sér endurgreiðslu lánsins.

Látist ábyrgðarmaður getur lántakandi útvegað nýjan ábyrgðarmann sem uppfyllir ofangreind skilyrði en að öðrum kosti taka erfingjar hins látna við ábyrgðinni eftir almennum reglum ef erfingjar hafa á annað borð tekið á sig ábyrgð á skuldum dánarbúsins.

Ábyrgðarmaður getur sagt upp ábyrgðinni. Það skal gert skriflega með bréfi til sjóðsins. Áhrif þess eru þau að ekki aukast skyldur hans umfram það sem þá þegar er um samið. Uppsögnin tekur gildi um leið og sjóðurinn hefur tilkynnt lántakanda um uppsögnina.

### **5.3.4. Veðtrygging.**

Óski námsmaður eftir að setja fasteign að veði til tryggingar námsláni þarf hann að leggja fram eftirfarandi gögn: Veðbókarvottorð, afrit síðustu greiðsluseðla vegna áhvílandi lána, fasteigna- og brunabótamat.

Við veðtryggingu námslána er miðað við að áhvílandi lán, að viðbættu láni frá sjóðnum, fari ekki yfir 65% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis og sé innan 65% af brunabótamati. Jafnframt er heimilt að fara fram á sölumat löggilts fasteignasala og skal þá miðað við að lán frá sjóðnum fari ekki yfir 60% af sölumati.

#### **5.4. Greiðsla félagsgjalda.**

Óski námsmaður þess annast sjóðurinn greiðslu gjalds vegna félagsaðildar að Sambandi íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE). Sjóðurinn dregur félagsgjaldið af námsláninu.

#### **5.5. Breytingar á aðstoð.**

##### **5.5.1. Tilkynningaskylda námsmanns.**

Umsækjanda ber að tilkynna allar breytingar á högum sínum er haft geta áhrif á veitingu námsaðstoðar, svo sem breyttar fjölskylduaðstæður, breytingar á fjárhag, heimilisfangi og námsáætlun, eða veikindi er valdið geta töfum í námi. M.a. ber að tilkynna sjóðnum þegar námsmaður stofnar til hjúskapar eða sambúðar. Námsmanni ber auk þess að senda sjóðnum öll þau gögn sem hann kann að verða beðinn um vegna umsóknar hans um námslán eða frest á lokun skuldabréfs.

##### **5.5.2. Leiðrétting á útreikningi.**

Ef í ljós kemur að sjóðurinn hefur veitt námsaðstoð eða reiknað út upphæð láns á röngum forsendum er það leiðrétt, skv. nánari ákvæðum í þessum kafla. Er þá tekið tillit til þess hvort námsmaður hefur vísitandi gefið villandi eða rangar upplýsingar, hvort um vanrækslu hefur verið að ræða af hans hálfu ellegar um mistök frá hendi sjóðsins. Að jafnaði er mögulegt að semja um fyrirkomulag endurgreiðslna.

#### **5.6. Vísitandi villandi upplýsingar.**

Ef námsmaður hefur vísitandi veitt sjóðnum rangar eða villandi upplýsingar fellur öll námsaðstoð við hann niður og aðstoð sem hann kann að hafa fengið vegna slíkra upplýsinga verður þegar í stað endurkræf með áfallinni verðtryggingu og kostnaði sem af hlýst. Þetta á m.a. við ef sannað þykir að námsmaður hafi gefið upp rangar tekjur skv. skilgreiningu sjóðsins um tekjur, þegar viðkomandi skattári er lokið.

#### **5.7. Ofgreidd lán.**

##### **5.7.1. Ofgreidd lán.**

Ef námsmaður fær ofgreitt lán, t.d. vegna vanáætlaðra tekna, vanskila á námsárangri eða öðrum ástæðum, skal gefa honum kost á að greiða lánið á sérstöku skuldabréfi og skal lánstími að jafnaði ekki vera lengri en 10 mánuðir. Frekari námsaðstoð er stöðvuð þar til námsmaður hefur gert upp hið ofgreidda lán. Ofgreidd lán námsmanna erlendis eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur miðað við útborgunargengi lánsins.

##### **5.7.2. Skuldabréf.**

Skuldabréf vegna ofgreiddra lána skulu að jafnaði bera vexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands um almenna vexti af óverðtryggðum lánnum og leggjast vextirnir á þá fjárhæð sem námsmanni ber að endurgreiða frá útborgunardegi hins ofgreidda láns.

##### **5.7.3. Vextir.**

Fyrsti vaxtadagur er skilgreindur í skuldabréfi.

##### **5.7.4. Innheimta.**

Ofgreitt lán kemur til innheimtu eftir að námsárangur og önnur gögn eiga að hafa borist sjóðnum. Geri námsmaður ekki upp ofgreitt lán innan tilskilins frests er skuldabréfinu

lokað, sbr. gr. 2.5.1., og innheimta skal hið ofgreidda lán sem aukaafborgun af námsláni hans.

## **5.8. Eftirlit með tekjum vegna síðasta láns.**

### **5.8.1. Námsmenn á Íslandi.**

Sjóðurinn fær upplýsingar frá ríkisskattstjóra um tekjur skv. skattframtali þess tekjuárs sem lagt var til grundvallar síðustu lánveitingu.

### **5.8.2. Námsmenn á Norðurlöndum.**

Námsmenn annars staðar á Norðurlöndum þurfa að skila vottorði um tekjur s.l. árs. Í Danmörku „årsopgörelse“, í Noregi „skatteopgjør“ og í Svíþjóð „slutlig skatsedel“.

### **5.8.3. Námsmenn í öðrum löndum.**

Sjóðurinn getur krafist skattavottorðs frá námsmönnum í öðrum löndum.

### **5.8.4. Endurgreiðsla.**

Komi í ljós að tekjur skv. vottorði skattstjóra eru hærrí en gefið var upp af námsmanni, ber honum að endurgreiða ofgreitt lán með verðtryggingu.

## **5.9. Mistök sjóðsins.**

Verði mistök við veitingu námsláns, námsmanni í óhag, ber að leiðrétta þau strax og upp kemst. Námsmönnum er eindregið bent á að kynna sér vandlega þau ákvæði í þessum úthlutunarreglum sem eiga við hverju sinni og stuðla að því að slík mistök leiðrættist sem fyrst. Námsmanni skal tilkynnt um slík mistök og síðan ákveðið í hverju einstöku tilviki hvernig endurgreiðslu skuli hagað.

## **5.10. Vafamál.**

### **5.10.1. Hlutverk stjórnar.**

Það er eitt af hlutverkum stjórnar að skera úr vafamálum er varða einstaka lánþega og öðrum málum með bókuðum samþykktum. Úrskurðum stjórnar má vísa til málskotsnefndar, samanber gr. 5.10.5.

### **5.10.2. Málsmeðferð.**

Áður en stjórn sker úr vafamáli skal sérstök undirnefnd skipuð úr hópi stjórnarmanna, endurgreiðslunefnd eða vafamálanefnd eftir atvikum, undirbúa og gera tillögur um bókanir fyrir stjórn sjóðsins. Nefndin skal yfirfara afgreiðslu hliðstæðra mála og þau mál sem talin eru koma næst því máli sem er til ákvörðunar. Bókanir stjórnar í vafamálum skulu vera almennar og þeim haldið sérstaklega til haga þannig að þær séu aðgengilegar öllum þeim sem eiga erindi við sjóðinn.

### **5.10.3. Rökstuðningur.**

Í rökstuðningi skal vísa til þeirra réttarreglna sem ákvörðun sjóðsins er byggð á, lögum, reglugerð, úthlutunarreglum eða bókun stjórnar eftir því sem við á. Að því marki, sem ákvörðun byggir á mati, skal í rökstuðningnum greina frá þeim meginsjónarmiðum sem ráðandi voru við matið.

#### **5.10.4. Endurupptaka.**

Eftir að stjórn sjóðsins hefur tekið ákvörðun og hún tilkynnt á aðili máls rétt á því að mál hans sé tekið til meðferðar á ný ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik.

#### **5.10.5. Málskotsnefnd.**

Menntamálaráðherra skipar málskotsnefnd þriggja manna. Nefndin sker úr um hvort úrskurðir stjórnar séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Nefndin getur staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir stjórnar sjóðsins. Úrskurður nefndarinnar skal vera rökstuddur og er endanlegur.

## **VI. Kafli – Samnorraenar reglur**

Umsækjandi við nám á Norðurlöndum utan heimalandsins getur að uppfylltum sérstökum skilyrðum fengið námslán frá námslandinu. Skilyrði fyrir námsaðstoð er að umsækjandi fái ekki námsaðstoð frá öðru landi.

Nánari upplýsingar fást hjá lánasjóðum í hverju landi.

#### **DANMÖRK**

Styrelsen for Statens Uddannelsesstøtte (SU)  
Danasvej 30  
DK-1780 København V  
Sími: 00-45-33268600  
Bréfasími: 00-45-33268611  
Veffang: <http://www.su.dk/>

#### **NOREGUR**

Statens lånekasse for utdanning(SLK)  
P. boks 195, Østre Aker vei 20  
N-0510 Oslo 5  
Sími: 00-47-22726700  
Bréfasími: 00-47-22642636  
Veffang: <http://www.lanekassen.no/>

#### **FINNLAND**

Folkpensionsanstaltens Studiestødscentral  
P.O. Box 228  
SF-40 101 Jyväskylä 10  
Sími: 00-358-20-4346770  
Bréfasími: 00-358-20-4346710  
Veffang: <http://www.kela.fi/>

#### **SVÍÐJÓÐ**

Centrala studiestödsnämnden (CSN)  
Norra Tjörngatan 2-6  
S-851 82 Sundsvall  
Sími: 00-46-60-186290  
Bréfasími: 00-46-60-186006  
Veffang: <http://www.csn.se/>

## VII. Kafli – Lánskjör

### 7.1. Vextir G-lána og verðtrygging.

#### 7.1.1. Lánskjör.

Lán skv. lögum nr. 21/1992 eru verðtryggð og bera allt að 3% vexti frá lokun skuldabréfs.

Verðtryggingin miðast við breytingar á vísitölu neysluverðs. Lánþega ber að greiða lántökugjald 1,2% í hvert sinn sem lán er tekið og kostnað af innheimtu á hverjum gjalddaga.

#### 7.1.2. Verðtrygging.

Lán úr sjóðnum eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs og reiknast verðtryggingin frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir útborgun. Eftir ákvörðun um lokun skuldabréfs er skuld uppreiknuð og grunnvísitala skuldabréfs miðuð við vísitölu neysluverðs á lokunardegi.

#### 7.1.3. Lokun skuldabréfs.

Þegar skuldabréfi hefur verið lokað, sbr. gr. 2.5. skal lántakanda sent bréf með sundurliðuðum upplýsingum um greiðslur sem tilheyra skuldabréfinu, dagsetningu lokunar og hvenær vextir fara að reiknast af skuldabréfinu. Hálfsmánaðar frestur skal gefinn til að gera athugasemdir. Að þeim tíma liðnum er heimilt að fylla skuldabréfið út.

#### 7.1.4. Fullnýtt svigrúm.

Nú hefur námsmaður fullnýtt svigrúm sitt, sbr. gr. 2.5.4 og skal þá líta svo á að námi hans sé lokið.

#### 7.1.5. Gengið frá skuldabréfi.

Þegar gengið er frá skuldabréfi er öllum ábyrgðarmönnum send tilkynning um upphæð bréfsins og þá fjárhæð sem hver og einn telst ábyrgur fyrir.

#### 7.1.6. Námshlé o.fl.

Sæki lántaki ekki um lán á nýju námsári fyrir tilskilinn umsóknarfrest en hefur þó ekki lokið námi skal tilkynna honum að skuldabréfi hans verði lokað innan hálf mánaðar. Lokun skuldabréfsins er miðuð við lok síðasta aðstoðartímabils. Honum skal jafnframt sent yfirlit um greiðslur til hans sem verða færðar uppreiknaðar á skuldabréfið. Í slíkum tilfellum er ekki veittur frestur á því að ganga frá skuldabréfinu. Tilkynni námsmaður að hann hafi tekið sér námshlé sem er ekki lengra en eitt ár er frágangi á skuldabréfi frestað í samræmi við reglur um skilgreiningu á lokun skuldabréfs.

### 7.2. Endurgreiðslutími.

#### 7.2.1. Lán er afborgunarlaust í tvö ár.

Endurgreiðsla hefst aldrei fyrr en tveimur árum eftir lokun skuldabréfs sbr. gr. 2.5. Ef lokun skuldabréfs er á fyrri hluta árs, þ.e. fyrir 1. janúar – 30. júní, er gjalddagi fyrstu föstu greiðslunnar 30. júní tveimur árum síðar. Séu skuldabréfi lokað á síðari hluta árs, 1. júlí eða síðar, er gjalddagi fyrstu föstu greiðslu 1. mars á þriðja ári frá lokun. Seinni árgreiðslan er alltaf 1. september.

### **7.2.2. Vextir.**

Vextir reiknast frá lokun skuldabréfs. Fáí námsmaður greitt út lán eftir lokunardag skuldabréfs, þá reiknast vextir á þá greiðslu frá deginum eftir útborgun.

### **7.2.3. Ógjaldfallin uppgreiðsla.**

Lánþega er heimilt að greiða upp námslán fyrr en ákvæði skuldabréfs kveða á um.

Lánþegi sem greitt hefur upp ógjaldfallið námslán sitt getur óskað eftir að fá endurgreiðslu sem nemur kostnaðarlækkun sjóðsins vegna uppgreiðslunnar. Skilyrði er að lánþeginn hafi greitt af námsláninu í a.m.k. fimm ár fyrir uppgjörið.

Við mat á endurgreiðslutíma og framtíðaraborgunum af námsláni án uppgreiðslu skal tekið mið af áætluðum framtíðartekjum lánþegans og þær núvirtar með þeim vöxtum sem sjóðurinn greiðir af teknum lánum. Framtíðartekjurnar skulu þó aldrei áætlaðar það lágar að endurgreiðslutími án uppgreiðslu verði umfram 15 ár.

Áður en kostnaðarlækkunin er metin skal lánþegi láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar til að áætla framtíðartekjur hans.

### **7.3. Árleg endurgreiðsla.**

Árleg endurgreiðsla er í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla sem innheimtist 1. mars, en þó getur fyrsti gjalddagi verið annar. Hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimtist 1. sept. og er háð tekjum fyrra árs. Föst árgreiðsla á árinu 2009 er 97.186 kr. og miðast við vísitölu neysliverðs 327,9. Þessi upphæð breytist á hverju ári til samræmis við vísitölu neysliverðs 1. janúar hvers árs. Viðbótargreiðslan miðast við 3,75% af tekjustofni ársins á undan endurgreiðsluári, en með tekjustofni er átt við útsvarsstofn lánþega að viðbættum fjármagnstekjum, sbr. c-lið 7. gr. laga nr. 90/2003. Ef lánþegi er í sambúð er miðað við 50% fjármagnstekna hans og sambúðaraðilans og skiptir ekki máli hvort tekjurnar eru af séreign skv. kaupmála eða hjúskapareign. Sú fjárhæð sem þannig fæst skal margfölduð skv. hlutfallslegri breytingu á vísitölu neysliverðs frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári. Samkvæmt framansögðu dregst áðurnefnd föst árgreiðsla frá viðbótargreiðslunni.

Sé lánþega áætlaður skattstofn skal miða við hann. Sé lánþegi á endurgreiðslutíma ekki skattskyldur á Íslandi af öllum tekjum sínum og eignum skal honum gefinn kostur á að senda sjóðnum staðfestar upplýsingar um tekjur sínar og skal árleg viðbótargreiðsla ákveðin í samræmi við það. Geri hann það ekki eða telja verður upplýsingar hans ósennilegar og ekki unnt að sannreyna tekjustofn samkvæmt því skal stjórn sjóðsins áætla honum tekjustofn til útreiknings árlegrar viðbótargreiðslu.

Lánþegi á rétt á endurútreikningi árlegrar viðbótargreiðslu sé hún byggð á áætluðum tekjum. Hann skal þá sækja um endurútreikninginn eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar og leggja fyrir stjórn sjóðsins bestu fánlegar upplýsingar um tekjurnar. Endurútreikningur fer síðan fram þegar sjóðnum hafa borist staðfestar upplýsingar um tekjurnar eða þegar þær hafa verið enduráætlaðar skv. sérstakri ákvörðun stjórnar. Hafi

tekjustofn verið of hátt áætlaður skal lánþega endurgreidd ofgreidd fjárhæð með almennum vöxtum óverðtryggðra bankalána.

Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námsláns eða hafi lánþegi vantalið tekjur sínar á framtali er heimilt að fella allt lánið í gjalddaga. Hækkun á viðbótargreiðslu vegna endurskattlagningar er gjaldkræf þegar í stað ásamt dráttarvöxtum frá gjalddaga greiðslunnar.

#### **7.4. Undanþágur.**

##### **7.4.1. Undanþága vegna lágra tekna.**

Hafi lánþegi haft svo lágar tekjur á fyrra ári að honum reiknast ekki viðbótargreiðsla og fjárhagur hans hefur ekki batnað á endurgreiðsluárinu er sjóðsstjórn heimilt að veita undanþágu frá fastri árgreiðslu ef lánshæft nám, atvinnuleysi, óvinnufærni vegna veikinda, þungunar, umönnunar barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega. Að jafnaði er miðað við að ástæður þær sem valda örðugleikunum hafi varað í a.m.k. fjóra mánuði fyrir gjalddaga afborgunar.

##### **7.4.2. Undanþága vegna skyndilegra og verulegra breytinga.**

Einnig er stjórn sjóðsins heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu, ýmist til lækkunar eða niðurfellingar á greiðslum, eftir atvikum, ef skyndileg og veruleg breyting hefur orðið á högum lánþega þannig að útsvarsstofn vegna tekna á fyrra ári gefur ekki rétta mynd af fjárhag lánþega á endurgreiðsluárinu. Heimildin miðast við að skyndileg og alvarleg veikindi, slys eða aðrar sambærilegar ástæður valdi verulegri skerðingu á ráðstöfunarfé og á möguleikanum til að afla tekna.

##### **7.4.3. Sótt um undanþágu.**

Lánþegi sem óskar eftir undanþágu frá endurgreiðslu námsláns, til lækkunar eða niðurfellingar, skal sækja um það á þar til gerðu umsóknareyðublaði og láta nákvæmar upplýsingar sem þar er óskað eftir fylgja.

Umsókn um undanþágu frá endurgreiðslu námsláns skal berast sjóðnum eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar. Hafi ósk um undanþágu ekki borist sjóðnum fyrir þessi tímamörk er óheimilt að veita undanþágu, sbr. 7. mgr. 8. gr. laga um sjóðinn.

Ef veitt er undanþága frá endurgreiðslu S- og/eða V-láns hefur undanþágan ekki áhrif á fjölda endurgreiðsluára, þ.e. endurgreiðslutíminn lengist sem nemur undanþágutímanum.

#### **7.5. Lán sem sjóðurinn hefur veitt.**

Lán sem sjóðurinn hefur veitt eru:

Heiti	Veitt	Vextir	Endurgr. hefst m.v. námslok	Endurgr. tími	Gjalddagar
M	1952-61	3,50%	3 ár	10 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1952-61	3,50%	3 ár	10 ár	1. feb og 1. nóv
M	1961-67	3,50%	3 ár	15 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1961-67	3,50%	3 ár	15 ár	1. feb og 1. nóv
L	1967-75	5%	5 ár	15 ár	1. júní
K	1975	13%	1 ár	4 ár	1. apríl og 1. nóv.
X*	1976-82	Verðtryggt	3 ár	20 ár	1. júlí og 1. nóv.
T**	1982-92	Verðtryggt	3 ár	40 ár	1. mars og 1. sept.
R	1992-2005	all að 3% + verðtr.	2 ár	óákv.	1. mars og 1. sept.
G	2005-	all að 3% + verðtr.	2 ár	óákv.	1. mars og 1. sept.

\* nefnast V-lán eftir sameiningu

\*\* nefnast S-lán þegar endurgreiðsla hefst

### 7.6. Sé greitt eftir fleiri kerfum.

Lánþegi sem skuldar eldri námslán en G-lán skal fyrst endurgreiða eldri lánin. Á næsta almanaksári eftir að endurgreiðslu þeirra lýkur eða á að vera lokið skal hann hefja endurgreiðslu G-lánsins.

Ef lánþegi skuldar R-lán og jafnframt V- eða S-lán skal hann fyrst greiða R-lánið. Ef lánþegi greiðir bæði af V- og S-láni dragast afborganir V-láns frá afborgunum S-lánsins.

### 7.7. Vanskil.

Ef lánþegi greiðir ekki afborgun á réttum tíma og hefur ekki samið við sjóðinn um greiðslu, er krafan send til lögmanna í innheimtu. Ef krafa á hendur lánþega er þegar í innheimtu hjá lögmönnum fara nýjar kröfur beint í innheimtu hjá lögmönnum. Þegar afborgun er í lögmansinnheimtu ber lánþega að semja um skuld sína beint við lögmenn án milligöngu sjóðsins. Ef lánþegi gerir enn ekki skil, er sjóðnum heimilt að gjaldfella höfuðstól lánsins og innheimta með hæstu leyfilegu dráttarvöxtum.

# Fylgiskjal I

## Framfærslugrunnur og greinargerð með grunnframfærslu fyrir skólaárið 2009-2010

### Framfærslugrunnur LÍN

Framfærslugrunnur LÍN skólaárið 2009-2010 gerir ráð fyrir að ársútgjöld einstaklings í leiguhúsnæði á Íslandi séu kr. 1.876.300 og að þeim megi skipta niður á einstaka útgjaldaliði sem hér segir:

Helstu útgjaldaliðir (sbr. vísitölu neysluverðs)	Framfærslugrunnur LÍN (kr.)
Matur og drykkjarvörur	326.800
Föt og skór	106.000
Húsnæði, hiti og rafmagn	570.000
Húsgögn, heimilisbúnaður o.fl.	87.900
Heilsugæsla	65.000
Ferðir og flutningar	204.100
Póstur og sími	55.800
Menntun, tómstundir og menning	289.900
Ýmsar vörur og þjónusta	170.800
<b>Alls</b>	<b>1.876.300</b>

### Miðgildi tekna

Gert er ráð fyrir að einstaklingur í leiguhúsnæði hafi árið 2009 samtals kr. 1.078.713 í tekjur.

Viðmiðunarhópurinn er barnlausir einstaklingar á Íslandi í leiguhúsnæði eða eigin húsnæði sem fengu lán vegna náms vor og haust 2006. Hann nær til 1.901 einstaklings sem höfðu samtals 2.036.882.369 kr. í tekjur á árinu 2006. Miðgildi teknanna var 914.883 kr.

Samkvæmt vorskýrslu fjármálaráðuneytisins hækkuðu laun um 10,4% á árinu 2007 og er gert ráð fyrir að laun hækki um 6,8% á árinu 2008. Fyrir árið 2009 er ekki gert ráð fyrir neinni hækkun á milli ára og eru viðmiðunarlaun fyrir árið 2009 því áætluð kr. 1.078.713.

### Ráðstöfunartekjur

Við ákvörðun ráðstöfunartekna námsmanns í leiguhúsnæði á Íslandi er tekið tillit til skerðingar námsláns vegna tekna, en samkvæmt úthlutunarreglum LÍN koma 10% tekna til frádráttar reiknuðu láni. Þetta jafngildir að námsmaður hefur  $0,9 \times 1.078.713 = 970.842$  kr. tekna sinna til ráðstöfunar.

### Grunnframfærsla LÍN

Í samræmi við ákvörðun stjórnar skal grunnframfærsla, sbr. gr. 3.1.1. í úthlutunarreglum LÍN, sýna lánsþörf námsmanns í leiguhúsnæði á námstíma, sem telst samkvæmt nógildandi reglum almennt 9 mánuðir. Grunnframfærslan er þannig ákveðin sem 1/9 af mismuni framfærslugrunnsins og ráðstöfunartekna námsmanns í leiguhúsnæði. Miðað við framangreindar forsendur verður grunnframfærsla LÍN 100.600 kr. skólaárið 2009 - 2010, þ.e. 1/9 af (1.876.300 - 970.842).

## Fylgiskjal II

### Framfærsla erlendis, hámark skólagjaldalána og hámarkstími til tungumálanáms sem undirbúningsnáms.

Land	Mynt	Grunnframfærsla 2009-10	Framfærsla á hverja lánshæfa ECTS-einingu	Hámark skólagjaldalána	Hámarkstími tungumálanáms
Argentína	USD	850	128	44.100	0,5 námsár
Austurríki	EUR	1.400	210	40.000	0,5 námsár
Ástralía	USD	1.290	194	48.200	
Bandaríkin A	USD	1.715	257	44.100	
Bandaríkin B	USD	1.518	228	44.100	
Belgía	EUR	976	146	40.000	0,5 námsár
Brasilía	USD	1.064	160	44.100	0,5 námsár
Búlgaríá	EUR	930	140	40.000	1 námsár
Danmörk	DKK	7.740	1.161	295.000	
Egyptaland	EUR	780	117	40.000	1,5 námsár
Eistland	EUR	930	140	40.000	1 námsár
England	GBP	946	142	27.400	
London	GBP	1.052	158	27.400	
Finnland	EUR	932	140	40.000	1 námsár
Frakkland	EUR	993	149	40.000	0,5 námsár
París	EUR	1.091	164	40.000	0,5 námsár
Grikkland	EUR	1.127	169	40.000	1 námsár
Holland	EUR	1.020	153	40.000	1 námsár
Hong Kong	USD	1.137	171	44.100	1,5 námsár
Indland	USD	850	128	44.100	
Írski Lýðveldið	EUR	1.123	168	40.000	
Ísrael	EUR	900	135	40.000	1,5 námsár
Ítalía	EUR	1.188	178	40.000	0,5 námsár
Japan	JPY	169.018	25.353	4.560.000	1,5 námsár
Kanada	CAD	1.423	213	57.800	
Kína	USD	1.137	171	44.100	1,5 námsár
Kosta Ríka	USD	955	143	44.100	0,5 námsár
Króatía	EUR	902	135	40.000	1 námsár
Kúba	USD	1.283	192	44.100	0,5 námsár
Kýpur	EUR	824	124	40.000	0,5 námsár
Lettland	EUR	930	140	40.000	1 námsár
Litháen	EUR	930	140	40.000	1 námsár
Lúxemborg	EUR	1.000	150	40.000	0,5 námsár
Malasía	USD	1.216	182	44.100	
Malta	EUR	1.014	152	40.000	
Mexíkó	USD	1.526	229	44.100	0,5 námsár
Norður-Írland	GBP	946	142	27.400	

Noregur	NOK	8.075	1.211	301.000	
Nýja - Sjáland	USD	1.266	190	48.950	
Perú	USD	1.046	157	44.100	0,5 námsár
Portúgal	EUR	780	117	40.000	0,5 námsár
Pólland	EUR	930	140	40.000	1 námsár
Rúmenína	EUR	930	140	40.000	1 námsár
Rússland	EUR	930	140	40.000	1 námsár
Sam. Arabísku furstad.	USD	1.134	170	44.100	1,5 námsár
Skotland	GBP	946	142	27.400	
Slóvakía	EUR	902	135	40.000	1 námsár
Slóvenía	EUR	902	135	40.000	1 námsár
Spánn	EUR	1.036	155	40.000	0,5 námsár
Suður-Afríka	EUR	825	124	40.000	
Suður-Kórea	USD	1.475	221	44.100	1,5 námsár
Sviss	CHF	2.295	344	57.700	0,5 námsár
Svíþjóð	SEK	8.626	1.294	359.000	
Tékkland	EUR	949	142	40.000	1 námsár
Tyrkland	EUR	902	135	40.000	1 námsár
Tæland	EUR	780	117	40.000	1,5 námsár
Ungverjaland	EUR	1.146	172	40.000	1 námsár
Wales	GBP	946	142	27.400	
Þýskaland	EUR	986	148	40.000	0,5 námsár
München	EUR	1.084	163	40.000	0,5 námsár

## Fylgiskjal III

Sérnám á Íslandi, sbr. grein 1.2.2.

	Ólánshæft nám metið í ECTS-ein.*	Fjöldi lánshæfra ECTS-eininga*
<b>ATS-skólinn</b>		
Flugumferðarstjóranám	Ekkert	120
<b>Fjölbrauta-, iðn- og verkmenntaskólar</b>		
<b>Iðngreinar</b>		
Grunnnám bíliðna	Ólánshæft	0
Bíliðngreinar	Ekkert	180
Grunnnám bygginga-/mannvirkjagr.	Ólánshæft	0
Húsa- og húsgagnasmíði	Ekkert	180
Málaraiðn	Ekkert	180
Múrsmíði	Ekkert	180
Grunnnám fataiðnbrauta	Ólánshæft	0
Fataiðnbrautir	Ekkert	180
Grunnnám matvæla/veitinga	Ólánshæft	0
Matvæla- og veitingaiðngreinar	Ekkert	150-180
Grunnnám málmíðna	Fyrstu 45 – 60	60
Málmíðngreinar	Ekkert	120
Grunnnám rafiðna	Fyrstu 45 - 60	60
Rafiðngreinar	Ekkert	120
Gull- og silfursmíði	Fyrstu 22 – 30	180
Hársnyrtibraut	Fyrstu 22 – 30	180
Meistaránám	Ekkert	30 - 120
Pípulagnir	Fyrstu 22 – 30	180
Símsmíði	Fyrstu 22 – 30	180
Snyrtibraut	Almenna aðfaranámið	180
Upplýsinga- og fjölmiðlabraut	Fyrstu 22 – 30	150
<b>Annað starfsnám</b>		
Atvinnuflugmannsnám (JAR)	Ekkert	60
Ferðamálanám	Verknámið	60
Félagsliðabraut	Fyrstu 22 – 30	90
Heilsunudd	Fyrstu 22 – 30	120
Flugumferðarstjóranám	Ekkert	30
Hljóðtækni	Ekkert	90
Hjúkrunar- og móttökuritari	Fyrstu 22 – 30	60
Leiðsögunám	Ekkert	60
Lyfjatæknaþraut	Almenna aðfaranámið	180
Læknaritaraþraut	Starfsnámið	90
Margmiðlunarþraut	Ekkert	120
Matartæknánám	Fyrstu 22 – 30	150
Sjúkraliðabraut	Fyrstu 45 – 60	150
Tanntæknaþraut	Fyrstu 22 – 30	120
Tækniteiknun	Fyrstu 45-60	120
<b>Háskólasetur Vestfjarða</b>		
Frumgreinasvið **	Fyrstu 22 – 30	90

<b>Háskólinn á Bifröst</b>		
Frumgreinadeild **	Ekkert	60
<b>Háskólinn í Reykjavík</b>		
Frumgreinasvið **	Fyrstu 22 – 30	90
<b>Hólaskóli</b>		
Ferðamálabraut	Ekkert	90
Fiskeldisbraut	Ekkert	150
Hrossabraut	Ekkert	150
<b>Keilir</b>		
Einkaþjálfari	Ekkert	45
Flugumferðarstjórn	Ekkert	30
Flugþjónn	Ekkert	60
Frumkvöðlanám	Ekkert	60
Háskólabrú **	Ekkert	90
<b>Kvikmyndaskóli Íslands</b>		
Kvikmyndagerð	Ekkert	120
<b>Landbúnaðarháskóli Íslands</b>		
Blómaskreytingabraut	Ekkert	180
Búnaðarnám	Ekkert	120
Garð- og skógarpl.braut	Ekkert	180
Skógræktarbraut	Ekkert	180
Skrúðgarðyrkjubraut	Ekkert	180
Umhverfisbraut	Ekkert	180
Ylræktarbraut	Ekkert	180
<b>Lögregluskólinn</b>		
Lögreglunám	Starfsnám	30
<b>Myndlistaskólinn á Akureyri</b>		
Myndlist	Ekkert	180
Grafísk hönnun	Ekkert	180
<b>Myndlistaskólinn í Reykjavík</b>		
Mótun	Ekkert	120
<b>Snyrti-Akademian</b>		
Snyrtifræði	Ekkert	150
Fótaaðgerðafræði	Ekkert	90
<b>Tannsmiðaskóli Íslands</b>		
Tannsmíðanám	60 af 240	180
<b>Tónlistarskólar</b>		
Hljóðf.- og söngn. eftir framhaldsp.	Ekkert	60-240
Kennaradeildir	Ekkert	180
Tónmennta-/tónfræðadeildir	Ekkert	180
<b>Tækniskólinn</b>		
Útvegsrekstrarfræði	Ekkert	90
Flugrekstarfræði	Ekkert	90
Skipstjórnarnám	Fyrstu 45 – 60	180
Vélstjórnarbraut	Fyrstu 45 – 60	240

\* Fullt nám á námsári er 60 ECTS-einingar eða ígildi þeirra. Umsækjandi sem ekki á rétt á lánum fyrstu 22-30 ECTS-einingarnar á ekki rétt á lánum fyrsta misserið í náminu. Ef fyrstu 45-60 ECTS-einingarnar eru metnar ólánshæft nám, eru fyrstu tvö misserin ólánshæf. Samsvarandi gildir að lánsréttur fyrir 60 ECTS-einingum jafngildir lánsrétti fyrir tvö misseri (eitt námsár).

\*\* Sjá nánar gr. 1.2.2 í úthlutunarreglum sjóðsins um þau skilyrði sem sett eru varðandi lánshæfi þessarar námsbrautar.